

Stjórnarfundur Félags hrossabænda

haldinn 24. júlí 2008 í Bændahöllinni

Mætt voru Kristinn Guðnason, Sigbjörn Björnsson, Ólafur Einarsson, Helga Thoroddsen, Bertha Kvaran og Hulda G. Geirsdóttir sem ritar fundargerð.

Kristinn setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Flutningsstyrkir og afurðamál voru fyrst á dagskrá. Fram kom að vel hefur gengið að selja folaldakjöt hjá SS, en FHB styrkti markaðsverkefni og vöruþróun þeirra er að sölu folaldakjöts í neytendaumbúðum varðar. Hulda sagðist hafa orðið vör við mikla ánægju fólks með þessa vöru og um hana hefði verið töluvert fjallaði fjölmiðlum. Einnig styrkti FHB sláturhúsið á Hvammstanga vegna markaðsþróunarverkefnis er varðar útflutning á hrossakjöti til Rússlands.

Rætt var um flutningsstyrki vegna sláturhrossa. Eins og áður hefur verið rætt í stjórn verður ekki hægt að greiða þessa styrki úr verðskerðingarsjóði með sama hætti og áður. Stjórn samþykkti eftirfarandi reglur varðandi greiðslu flutningsstyrkja.

- Ekki er greiddur flutningsstyrkur framhjá sláturhúsi, þ.e. eingöngu er greiddur styrkur að því húsi sem næst er viðkomandi, óháð því verði sem sláturhúsin bjóða.

- Greiddir verða flutningsstyrkir fyrir gripi sem aka þarf 300 km (150 fram og til baka) eða lengra að næsta sláturhúsi.

Huldu falið að kynna þessa breytingu fyrir aðildarfélögum FHB og greiða eldri útistandandi reikninga vegna flutningsstyrkja til sláturhúsa um leið og breytingin er kynnt þar.

Landbúnaðarsýning á Hellu verður haldin dagana 22.-24. ágúst nk. Rætt um aðkomu FHB að sýningunni. Samþykkt að FHB leggi til bæklinga, veggspjöld og myndbönd til sýninga í bás hrossaræktarinnar, en Hrossaræktarsamtök Suðurlands munu standa vaktina fyrir hrossaræktendur. Félag hrossabænda mun styðja verkefnið með ofangreindu framlagi auk þess að leigja stóran sýningaskjá þar sem ræktunarmarkmiðsdiskur FHB verður sýndur. Einnig mun FHB leggja til knapamerkjabækur og upplýsingar til kynningar á knapamerkjakerfinu. Bertha greindi frá undirbúningi sýningarinnar af hálfu Hrossaræktarsamtaka Suðurlands, en m.a. mun Goði frá Þóroddsstöðum, fegursti íslenski stóðhestur í heimi, verða til sýnis og boðið verður upp á gangtegundasýningu, tölt- og skeiðkeppni ofl. Samþykkt að fela Huldu og Berthu að vinna að þessu verkefni.

Hestatorg 2008 á LM rætt. Farið yfir kosti og galla á verkefninu, en nánari útlitum á því mun verða að finna í skýrslu verkefnisstjóra. Fram kom að viðvera heiðursverðlaunastóðhestanna vakti mikla lukku og dró að þúsundir gesta, tvímælalaust eitthvað sem endurtaka ætti í framtíðinni, en heimsókn þeirra var eitt af framlögum FHB til verkefnisins.

Landsmót 2008 rætt frá ýmsum sjónarhornum varðandi framkvæmd, skipulag, dagskrá og fleira. Ákveðið að stjórnarmenn setji niður á blað kosti/galla við LM 2008 og sendi Huldu, sem tekur athugasemdirnar saman og sendir stjórn LM.

Einkunnaskali kynbótahrossa tekinn til umræðu. Sigbjörn lagði fram drög að tillögu til fagráðs í hrossarækt varðandi endurskoðun og uppfærslu dómstigans í hrossarækt. Eftirfarandi tillaga var samþykkt og verður hún send fagráði í hrossarækt.

Stjórn Félags hrossabænda beinir því til fagráðs í hrossarækt að ráðist verði í endurskoðun og uppfærslu dómstigans í hrossarækt með það að markmiði að því verki verði lokið fyrir vorsýningar 2009.

Greinargerð: Dómstiginn er orðinn 20 ára og á þeim tíma hefur orðið gjörbylting í reiðmennsku, aðbúnaði og fleiru og því tímabært að endurskoða dómskalann frá öllum hliðum.

Fjármál FHB rædd. Hulda lagði fram yfirlit yfir stöðu fjármála og er hún nokkuð góð.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.